

**1082. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. nóvember
2019 og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristján Þór Kristjánsson, Hafdís Gunnarsdóttir formaður og Sigurður Jón Hreinsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Sigurður J. Hreinsson mætir sem áheyrnarfulltrúi fyrir Í-listann.

Dagskrá:

1. Aðild að RS Raforku - 2019050060

Kynnt er minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara og Eyþórs Guðmundssonar, innkaupa- og tæknistjóra, dags. 7. nóvember sl., vegna útboðs á raforku.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Eyþór Guðmundsson, innkaupa- og tæknistjóri - 08:09

Eyþór yfirgefur fundinn kl. 8:16.

2. Sindragata 4a, sala fasteigna - 2019030022

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 8. nóvember sl., þar sem tilkynnt er um að fallið sé frá einu tilboði í íbúð í Sindragötu 4a, Ísafirði.

Bæjarráð fellst á að fallið verði frá tilboðinu.

3. Fjárhagsáætlun 2020 - framkvæmdaáætlun - 2019030031

Umræður um framkvæmdaáætlun 2020-2023

Umræður fóru fram.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:16

Axel Rodriguez, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:18

4. Fjárhagsáætlun 2020 - gjaldskrár - 2019030031

Kynnt er minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, og Tinnu Ólafsdóttur, upplýsingafulltrúa, dags. 8. nóvember, um tillögur að breytingum á

gjaldskrá Ísafjarðarbæjar.

Umræður fóru fram.

Edda María yfirgaf fundinn kl. 8:40.

Axel yfirgefur fundinn kl. 08:50.

5. Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð. - 2019100083

Kynnt minnisblað Brynjars Þórs Jónassonar, fyrrv. sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 25. október 2019, þar sem lagt er mat á kostnað við kaup á nýju snjómoksturstæki og mögulegt útboð á vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal. Bæjarráð tók málið fyrir á 1080. fundi sínum 28. október sl., og frestaði afgreiðslu þess

Meirihluti bæjarráðs samþykkir að unnið sé að útboði á vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

6. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri - 2018050083

Kynnt bréf Péturs Friðjónssonar f.h. Byggðastofnunar, dagsett 8. nóvember sl., vegna úthlutunar aflamarks Byggðastofnunar á Flateyri.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við tillögu Byggðastofnunar um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar á Flateyri.

7. Skipulagsbreytingar - öldrunarþjónusta - 2019080054

Kynnt er minnisblað Margrétar Geirsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 7. nóvember sl., varðandi skipulagsbreytingar í öldrunarþjónustu.

Bæjarráð samþykkir að tómstundamálum og virkníurræðum verði fundinn farvegur sem sniðinn verði að þörfum allra íbúa í Ísafjarðarbæ, 67 ára og eldri, í samvinnu við aðila sem að málaflokknum koma.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja með formlegum hætti og skipi fyrir um tilfærslu málaflokks 53 (þjónustuíbúðir) frá velferðarsviði til umhverfis- og eignasviðs. Einnig leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að heimila ráðningu öldrunarfulltrúa í heilt stöðugildi.

Gestir

Margrét Geirsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs - 09:01

Kristján Þór Kristjánsson yfirgaf fundinn undir þessum lið. Margrét yfirgefur fundinn kl. 9:12.

8. Skipulagsbreytingar - verslun íbúa Hlífar - 2019080054

Kynnt er minnisblað Margrétar Geirsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 7. nóvember sl., varðandi þá kosti sem til staðar eru varðandi skipulagsbreytingar á Hlíf er snúa að verslun íbúa Hlífar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við húsfélögin á Hlíf um mögulega aðkomu reksturinn á versluninni á Hlíf.

9. Ferðaþjónustan í Reykjanesi - 2019110027

Lagt fram bréf Jóns Heiðars Guðjónssonar f.h. Ferðaþjónustunnar í Reykjanesi ehf., dagsett 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir viðræðum við bæjaryfirvöld vegna reksturs ferðaþjónustu í Reykjanesi.

Bæjarráð þakkar bréfitara erindið og býður honum að mæta til fundar við bæjarráð.

10. Ársskýrslur 2017-2020 - Slökkvilið Ísafjarðarbæjar - 2018030014

Lögð fram ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018.

Lagt fram til kynningar.

11. Málefni hverfisráða - 2017010043

Lagður fram tölvupóstur Jóhanns Birkis Helgasonar, formanns Hverfisráðsins í Hnífsdal, dagsettur 5. nóvember sl. Meðfylgjandi er fundargerð stjórnarfundar frá 4. nóvember sl., og bréf vegna göngustíga, félagsheimilisins, Bakkaskjól og Gamla barnaskólans.

Bæjarráð vísar beiðni um nýjan stíg í Hnífsdal til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Bæjarráð óskar eftir upplýsingum frá bæjarstjóra um viðhaldspörf og áætlað viðhald varðandi Félagsheimilið í Hnífsdal, Bakkaskjól og Barnaskólann í Hnífsdal.

12. Drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Láru Kristínar Traustadóttur f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dagsettur 4. nóvember sl., þar sem vakin er athygli á að drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi hafa verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Bæjarráð vísar málinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

13. Frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 66. mál. - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 4. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 66. mál. Umsagnarfrestur er til 18. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

14. Frumvarp til laga um ávana- og fikniefni (neyslurými), 328. mál. - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 6. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um ávana- og fikniefni (neyslurými), 328. mál. Umsagnarfrestur er til 27. nóvember nk.

Frumvarpinu vísað til velferðarnefndar.

15. Velferðarnefnd - 443 - 1911005F

Fundargerð 443. fundar velferðarnefndar sem haldinn var 7. nóvember sl.

Fundargerðin er í 3 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:44

Kristján Þór Kristjánsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson